

BORGARRÁÐ 8. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að rifta samstarfi við Heimavelli - R18110014

Lagt er til að Reykjavíkurborg hverfi frá áformum sínum um samstarf við Heimavelli vegna íbúðauppbýggingar á Veðurstofureitnum. Í krafti stærðar sinnar hefur hagnaðardrífna leigufélagið Heimavellir haft mikil neikvæð áhrif á leigumarkaðinn, sem er leigjendum ekki til bóta. Þess má geta að frá því að Heimavellir tóku til starfa í febrúar 2015 hefur leiguverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 40 prósent. Þó að skilyrði séu sett um að leigufélagið megi ekki hækka leigugjald íbúða á Veðurstofureitnum, nema með leyfi borgarinnar, þá er mikilvægt að Reykjavíkurborg styðji ekki ennfrekar við hagnaðardrífna leigufélög í þeirri gríðarlegri húsnæðiskreppu sem við búum nú við.